

## **Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.**

Haldinn 9. janúar 2018.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.00 og lauk kl. 18.20.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Þórunn Ansnes, Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson, Ingvar Kristinsson, Jóhann Óskar Borgþórsson, Sveinn Sigurbergsson og Ragnar Hilmarsson.

### **Dagskrá:**

#### **1. Samningur ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar um eflingu íþróttastarfs yngri iðkenda í Hafnarfirði**

Lagður fram til kynningar. Samningurinn var undirritaður 27. desember 2017 og er hann fyrri samningurinn af tveimur. Búið er að taka merkingarákvæði út úr samningnum að öðru leyti er hann svipaður og eldri samningar. Hvor aðili um sig greiddi kr. 9.000.000 á árinu 2017. Árin 2018 og 2019 greiða hvor aðili um sig kr. 10.000.000. Samtals er samningurinn upp á kr. 58.000.000 til styrktar íþróttastarfi aðildarfélaganna ÍBH fyrir yngri en 18 ára iðkendur.

#### **2. Samningur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og Rio Tinto á Íslandi**

Lagður fram til kynningar. Samningurinn var undirritaður 27. desember 2017 og er hann seinni samningurinn af tveimur. Samningurinn fjallar um hvers kyns merkingar á íþróttabúningum, vefsíðum, reikningum hjá íþróttafélögum innan ÍBH. Einnig tekur samningurinn til auglýsinga í íþróttamannvirkjum á vegum ÍBH. Vegna mögulegra breytinga á eignarhaldi Rio Tinto á Íslandi er ákvæðum samningsins sem fjallar um merkingar frestað þar til lokaniðurstaða fæst, þó eigi síðar en 1. apríl 2018.

#### **3. Drög að samstarfssamningi milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar frá 4. janúar 2018**

Lagt fram til kynningar og umræðna.

#### **4. Nýbyggingar íþróttamannvirkja drög að viðauka í samstarfssamningi ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar**

Lagt fram til kynningar og umræðna. Framkvæmdastjóri ÍBH skilar athugasemdum fundarmanna til íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.

#### **5. Skipting fjármuna vegna samnings ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar 2017**

Lagðar fram til kynningar skipting fjármuna í fyrri og seinni úthlutun ársins 2017. Í fyrri úthlutun var 60% fjársins skipt milli 13 aðildarfélaganna ÍBH út frá iðkendafjölda yngri en 18 ára, samtals kr. 9.800.000 auk jafnréttishvata kr. 1.000.000 sem skiptist annars vegar milli Hnefaleikafélags Hafnarfjarða sem var með mesta prósentufjölgun þess kyns sem hallaði á (stúlkur) og Fimleikafélags Hafnarfjarðar sem var með mesta iðkendafjölgun þess kyns sem hallaði á (stúlkur). Í seinni úthlutun var 40% fjársins skipt milli 11 aðildarfélaganna ÍBH út frá þjálfaramenntun og námskrám, samtals kr. 7.200.000.

**6. Breytingar á frístundastyrk Hafnarfjarðarbæjar frá 1. janúar 2018**

Frá byrjun janúar 2018 kom breytitakki í Nórakerfið sem heimilar forráðamönnum að deila styrknum á fleiri greinar eða félög.

Frístundastyrkurinn hækkaði úr kr. 3000 á barn í kr. 4000 á barn á mánuði.

Hafnarfjarðarbær sendir forráðamönnum upplýsingabréf sem voru búnir að skrá, festa greiðslu eða greiða fyrir tímabil á árinu 2018. Í bréfinu upplýsir Hafnarfjarðarbær um hækkun styrksins og að forráðamenn munu fá endurgreitt. Hafnarfjarðarbær óskar eftir upplýsingum frá forráðamönnum um á hvaða reikning endurgreiðslan eigi að fara inn á.

Þeir forráðamenn sem skrá börn sín í byrjun janúar 2018 fá strax kr. 4000 í frístundastyrk.

**7. Reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH, endurskoðun og tillögur að breytingum frá janúar 2018**

Heildarúthlutun Afreksmannasjóðs ÍBH 2017 var kr. 18.705.000. Viðbótarframlag

Hafnarfjarðarbæjar til sjóðsins 2017 var kr. 2.125.000. Viðbótarframlag ÍBH til

sjóðsins 2017 var kr. 4.500.000. Áætlaðar tekjur sjóðsins 2018 eru kr. 12.000.000.

Vinna er í gangi í sambandi við breytingar á reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH. Stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH fundar í janúar og kemur með breytingartillögur að reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH til stjórnar ÍBH í janúarmánuði.

**8. Mat á Íþróttá- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2017**

Umræður um hátíðina, það sem gekk vel og það sem betur mátti fara.

Framkvæmdastjóri ÍBH kemur athugasemdum áfram til Hafnarfjarðarbæjar.

**9. Önnur mál**

a). SS benti á að það vanti verklýsingu fyrir nýtt stjórnarfyrirkomulag ÍBH að hans mati.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.